

Miðvikudaginn 26. febrúar 1986.

Nr. 268/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Bóasi Dagbjarti Bergsteinssyni

(Páll A. Pálsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 22. október 1985 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 17. f.m.

Staðfesta ber sakarmat hins áfrýjaða dóms og færslu brota til refsíákvæða að því viðbættu að 5. gr. laga nr. 65/1974 var breytt með lögum nr. 13/1985 og reglugerð nr. 16/1986 kemur í stað reglugerðar nr. 390/1974 og auglýsingar nr. 293/1978. Refsing verður þó eigi dæmd þyngri en eldri ákvæði leyfðu sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga og af brotaferli ákærða, sem hefur áður sex sinnum sætt refsingu fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalöggjöf, verður refsing hans ákveðin fangelsi 18 mánuði. Ákærði sætti tvívegis gæsluvarðhaldi í sambandi við rannsókn máls þessa, 29. apríl til 13. maí 1983 og 2. til 4. apríl 1984, og þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga rétt að gæsluvarðhaldsvistin, alls 16 dagar, komi refsingu til frádráttar.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku og sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Bóasi Dagbjartur Bergsteinsson, sæti fangelsi 18 mánuði. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans, 16 dagar.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og sakarkostnað eru staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 28. maí 1985.

Ár 1985, þriðjudaginn 28. maí var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum sem háð var að Hverfisgötu 115, Rvk., af Guðjóni St. Marteinssyni ftr. við undirritaða votta kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 313/1985: Ákærvaldið gegn Bóasi Dagbjarti Bergsteinssyni.

Málið er höfðað á hendur Bóasi Dagbjarti Bergsteinssyni, fæddum 23. mars 1959 í Reykjavík fyrir eftirfarandi meint brot á lögum um ávana- og fíkniefni:

I.

„Fimmtudaginn 28. apríl 1983 selt Hauki Þórólfssyni um 3 g af hassi fyrir kr. 1000 að þáverandi heimili sínu að Framnesvegi 18 í Reykjavík.

Skömmu síðar sama dag haft í vörslum sínum á greindum stað 126,5 g af hassi og 0,8 g af amfetamínudufti, sem lögreglan fann við húsléit í jakkavasa ákærða og falið innan klæða á honum.

II.

Í lok mars 1984 keypt 126 g af amfetamínudufti í Amsterdam og flutt það hingað til lands 1. apríl.

Ákærði flutti efnið falið í líkama sínum, en hann var handtekinn við komu til Keflavíkurflugvallar og hinn 3. apríl var lagt hald á efnið, er það kom úr líkama hans.“

Ofangreind meint brot ákærða eru í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974, sbr. auglýsingu nr. 293, 1978, að því er varðar meðferð ákærða á amfetamíni.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á framangreindum fíkniefnum, 126,5 g af amfetamínudufti og 126,5 g af hassi, samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974.

Ákærði hefur sætt eftirfarandi kærnum og refsingum:

- 1976 13/9 í Reykjavík. Ávana- og fíkn. Sátt: 14.000 kr. sekt f. brot á 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. l. nr. 65, 1974 og 2., sbr. 10. gr. regj. nr. 390, 1974.
- 1978 30/3 í Reykjavík. Ávana- og fíkn. Sátt: 95.000 kr. sekt f. brot á 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. l. nr. 65, 1974 og 2., sbr. 10. gr. rg. nr. 390, 1974, sbr. og að hluta 77. gr. hgl.
- 1979 30/1 í Reykjavík. Sátt: 20.000 kr. sekt f. brot g. 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. 6. gr. l. nr. 65, 1974, sbr. 10. gr. rg. nr. 390, 1974, sbr. og 71. gr. hgl.
- 1979 14/3 í Reykjavík. Sátt: 80.000 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 12 mán. frá 30/1 1979.
- 1979 í Reykjavík. Uppvís að broti g. 1. mgr. 155. gr. hgl. Ákæru frestað skb. í 2 ár frá 5/11 1979.
- 1980 29/5 í Reykjavík. Ávana- og fíkn. Sátt: 50.000 kr. sekt f. brot á 2., sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65, 1974 og 2., sbr. 10. gr. rg. nr. 390, 1979, sbr. og 71. gr. hgl.
- 1980 23/6 í Reykjavík. Ávana- og fíkn. Sátt: 1.000.000 kr. sekt f. brot á 2., sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65, 1974 og 2., sbr. 10. gr. rg. nr. 390, 1974 og 2., sbr. 10. gr. rgj. nr. 390, 1974, sbr. 77. gr. hgl. og 71. gr. s.l.
- 1982 21/9 í Reykjavík. Sátt: 4.300 kr. sekt f. brot g. 2. sbr. 5. og 6. gr. l. nr. 65, 1974, og 2. sbr. 10. gr. rg. 390, 1974, sbr. l. nr. 75, 1982 og að hl. 5. gr., 77. og 78. gr. hgl.
- 1984 14/5 í Reykjavík. Sátt: 1.600 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.
- 1984 17/7 í Reykjavík. Sátt: 2.000 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.

— — —

Málsatvik.

Ákæruliður I.

— — —

Ákærði hefur við yfirheyrslur hjá lögreglu og fyrir dómi borið af sér sakir varðandi það, að hafa selt Hauki Þórólfssyni hassefni 28. apríl 1983.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 7. apríl 1985 og bar þá af sér meintar sakir í fyrsta málslið ákæruliðar I.

Ákærði var samprófaður með Hauki Þórólfssyni hjá lögreglu 1. júlí 1983 og bar ákærði þá af sér sakir varðandi meinta hasssölu til Hauks 28. mars 1983 en Haukur hafði borið á þá leið við lögreglu yfirheyrslur 28. mars 1983.

Gerð var húsleit á heimili ákærða 28.4. 1983 að Framnesvegi 18 hér í borg. Við húsleitina var lagt hald á 0,8 grömm af amfetamíni sem fannst

í jakkavasa á jakka er var eign ákærða. Þá lagði lögreglan og hald á 126,5 grömm af hassi er ákærði hafði falið innan klæða.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 28.4. 1983 kvaðst ákærði hafa fundið hassið í íbúð sinni og hafa falið efnið innan klæða er ákærði kvaðst hafa orðið var við komu lögreglu á heimili sitt. Ákærði kvaðst ekki hafa átt hassið. Ákærði kvaðst enga skýringu geta gefið á efnum er fundust í jakka ákærða þann 28. apríl 1983.

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi 7. apríl 1985 kannaðist ákærði við að hafa haft 126,5 grömm af hassi innan klæða er gerð var húsleit á heimili hans 28. apríl 1983. Ákærði kvaðst ekki hafa átt efnið.

Þá kvaðst ákærði við sömu dómsyfirheyrslu enga vitneskju hafa haft um fíkniefni er fundust í jakkavasa ákærða við framangreinda húsleit.

Ákærðuliður II.

— — —

Ákærði var handtekinn á Keflavíkurflugvelli 2. apríl 1984 við komu hingað til lands frá London.

Grunur lék á að ákærði hefði fólgin fíkniefni innvortis.

Ákærði gekkst undir læknisrannsókn 2. apríl 1984 vegna ofangreindra grunsemda og staðfesti sú skoðun að aðskotahlutur var fólgin innvortis í ákærða. Þann 3. apríl gengu niður af ákærða 126 grömm af amfetamíni.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 3. apríl kvaðst ákærði hafa flutt til Reykjavíkur frá Höfn í Hornafirði í byrjun árs 1984. Ákærði kvaðst hafa selt búslóð sína á Höfn fyrir kr. 70.000. Ákærði kvaðst síðan hafa notað allt tiltækt fé til utanfarar þeirrar er ákærði hélt í í lok mars 1984, en ákærði kvaðst þá hafa haldið til Kaupmannahafnar og þaðan til Amsterdam þar sem ákærði kvaðst hafa fest kaup á 120 grömmum af amfetamíni á 18 hollensk gyllini hvert gramm. Ákærði kvaðst hafa keypt efnið af sér ókunnum aðila. Ákærði kvaðst síðan fyrir brottför hingað til lands hafa komið efninu fyrir í líkama sínum.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 4. apríl 1984 og staðfesti þá framburð þann er rakinn var hér að framan. Ákærði kvaðst þannig hafa keypt um 120 grömm af amfetamíni í Amsterdam og flutt efnið hingað til lands og ætlað efnið til endursölu hér á landi.

Ákærði var enn yfirheyrður hér fyrir dómi 7. apríl sl. og hafði ákærði þá engar athugasemdir fram að færa varðandi þennan ákærulið, en vísaði til sinna fyrri framburða er raktir voru hér að framan.

Niðurstöður.

Ákærðuliður I.

Gegn eindreginni neitun ákærða er ekki nægilega sannað að hann hafi

selt Hauki Þórólfssyni um 3 g af hassi fyrir kr. 1.000,00 þann 28. apríl 1983 á þáverandi heimili sínu að Framnesvegi 18 hér í borg.

Ber því að sýkna ákærða af meintum sökum í fyrri málslið I. liðar ákæru.

Með framburðum ákærða, sem studdir eru af öðrum gögnum máls þessa, telst sannað að ákærði hafi þann 28. apríl 1983 haft í vörslum sínum á heimili sínu að Framnesvegi 18 hér í borg 126,5 grömm af hassi og 0,8 grömm af amfetamíni. Efnin lagði lögreglan hald á, ofangreindan dag við húsleit að Framnesvegi 18 og hafði ákærði falið hassið innan klæða en amfetamínið fannst í jakkavasa ákærða.

Ákæruliður II.

Sannað er með framburðum ákærða, sem vel eru studdir af öðrum gögnum máls þessa, að ákærði hafi í lok mars 1984 keypt 126 grömm af amfetamíndufti í Amsterdam og flutt það hingað til lands 1. apríl 1984. Ákærði flutti efnið falið í líkama sínum, en hann var handtekinn við komu til Keflavíkurflugvallar og hinn 3. apríl var lagt hald á efnið er það kom úr líkama hans.

Ákærði hefur samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Brot ákærða varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fikniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fikniefna nr. 390, 1974, sbr. auglýsingu nr. 293, 1978, að því er varðar meðferð ákærða á amfetamíni.

Ákærði gekkst undir dómsátt 14. maí 1984 og aftur 17. júlí 1984 í bæði skiptin fyrir brot á 50. gr. umferðalaga.

Refsing ákærða er hér ákvörðuð með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með vísan til alls ofanritaðs þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sem fangelsi í 13 mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu og með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga komi 2 dagar er ákærði sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa.

Ákærði hugðist selja amfetamínið hér á landi með hagnaði og er honum gert með vísan til 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976, sbr. 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, að greiða kr. 20.000,00 í sekt til ríkissjóðs.

Verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, komi fangelsi í 20 daga í sektar stað.

Upptæk til ríkissjóðs og með vísan til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 skulu 126 grömm af amfetamíndufti merkt efnaskrá nr. 1148, nú í vörslum

dómsins og einnig skulu upptæk til ríkissjóð 0,8 grömm af amfetamíni og 126,5 grömm af hassi, hvort tveggja merkt efnaskrá nr. 958 í vörslum dómsins.

Ákærða er gert með vísan til 141. gr. laga nr. 74, 1974 að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin kr. 10.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hrl.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Bóas Dagbjartur Bergsteinsson, fæddur 23. mars 1959, skal sæta fangelsi í 13 mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 2 dagar er ákærði sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa.

Ákærði greiði kr. 20.000,00 í sekt til ríkissjóðs.

Verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa, komi fangelsi í 20 daga í sektar stað.

Upptæk til ríkissjóðs skulu 126 grömm af amfetamíni merkt efna-skrá nr. 1148 í vörslum dómsins og 126,5 grömm af hassi og 0,8 grömm af amfetamíni, hvort tveggja merkt efnaskrá nr. 958 í vörslum dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 10.000,00 í málsvarnar-laun til skipaðs verjanda, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns.

Miðvikudaginn 26. febrúar 1986.

Nr. 269/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Sigurði Þórðarsyni

(Páll A. Pálsson hrl.)

Ávana- og fikniefni. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guð-mundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.